# 562 Þú, Guð, sem stýrir stjarnaher




5. Stýr mínum fæti' á friðarveg
svo fótspor þín ég reki
og sátt og eining semji ég
en sundrung aldrei veki.

6. Stýr mínum hag til heilla mér
og hjálpar öðrum mönnum
en helst og fremst til heiðurs þér
í heilagleika sönnum.

7. Stýr mínu fari heilu heim
í höfn á friðarlandi,
þar mig í þinni gæslu geym,
ó, Guð minn allsvaldandi.

**T** Valdimar Briem – Sb. 1886
**L** William Gardiner 1812 – BÞ 1912
**R** William Gardiner

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023